

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Eggertsgata, stúdentagarðar.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 7. júlí 2022, tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir stúdentagarða að Eggertsgötu. Svæðið afmarkast af Suðurgötu til vesturs, Eggertsgötu til norðurs og byggð og opnu svæði til austurs og suðurs. Meginaðkoma að svæðinu er frá Eggertsgötu en einnig frá Suðurgötu. Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir nýrri viðbyggingu við leikskóla, þjónustu- og félagshúsi, ásamt stækkun á hverfisverslun. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Rökkvatjörn 6-8.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 29. júní 2022, breytingu á skilmálum deiliskipulags Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 6-8 við Rökkvatjörn. Í breytingunni felst að heimilt er að svalir á suðurhlíð hússins skagi út fyrir byggingarreit lóðarinnar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Reynisvatnsás.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 7. júlí 2022, breytingu á almennum skilmálum deiliskipulags fyrir Reynisvatnsás. Í breytingunni felst að heimild er gefin að skorsteinar og loftnet nái upp fyrir skilgreinda hámarkshæð húsa. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Höfðabakki 7.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 14. júlí 2022, breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða eystri vegna lóðarinnar nr. 7. við Höfðabakka. Í breytingunni felst hækkun á mæni bakhúss um 2,5 m og við það skapast möguleiki á milli-gólf. Nýtingarhlutfall helst óbreytt ásamt því að bílastæðakröfur eru uppfærðar í samræmi við bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Teigagerði 8.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 11. ágúst 2022, breytingu á deiliskipulagi Teigagerðisreits vegna lóðarinnar nr. 8 við Teigagerði. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir viðbyggingu, á jarðhæð, við suðaustur kverk hússins, ásamt því að upprunalegir kvistir á húsinu eru rýmkaðir, sem leiðir til aukins byggingarmagns. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 24. ágúst 2022.*

**Björn Axelsson.**